

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ ÞJÁLFA HLJÓÐGREININGU?

Hljóðgreining er að bera kennsl á einstök hljóð í orði
- fyrsta hljóð í orði - miðjuhljóð - síðasta hljóð -

Að geta borið kennsl á hljóð hjálpar
börnum með lestrarnámið.

Góð færni í hljóðgreiningu getur minnkað líkur á lestrarerfiðleikum.

Þjálfun hljóðgreiningar hefur jákvæð áhrif á lestrarnám barna,
góð færni virðist auðvelda lestrar- og stafsetningarfærni.

Þjálfun hljóðgreiningar skiptir sérstaklega miklu máli hjá börnum
sem eru í áhættu að þróa með sér lestrarerfiðleika.

AÐFERÐIR TIL AÐ ÞJÁLFA HLJÓÐGREININGU?

Bera kennsl á hljóðin í nafninu okkar

Bera kennsl á ákveðin hljóð

Heyrir þú /s/ í orðinu sól? (fyrsta hljóð)

Heyrir þú /ó/ í orðinu sól? (miðjuhljóð)

Heyrir þú /l/ í orðinu sól? (síðasta hljóð)

Bera kennsl á hvort ákveðin hljóð séu í orðinu

Heyrir þú /m/ í orðinu sól?